

Yfirlengd greiðist þegar lengd heimtaugar fer fram úr 15 m. Lengd jarðstrengs mælist frá lóðarmörkum húss. Ef heimtaugin krefst óvenjumikils kostnaðar að dómi rafveitustjórnar, svo sem nýrrar spennistöðvar, nýrra aflstrengja eða annars búnaðar, verða gjöldin ákveðin af rafveitustjórn í hverju tilviki. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsi, greiðir húseigandi allan kostnað við síðari heimtaugina samkv. reikningi. Þau hús, sem áður hafa greitt heimtaugagjöld greiði aðeins hálf t heimtaugargjald, ef loflínu er breytt í jarðstreng.

Gjald fyrir heimtaug fellur í gjalddaga þegar uppsetningu er lokið og áður en straumur er settur á heimtaugina.

III. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari ekki verið greitt svo að til lokunar veitu hafi komið skal taka gjald fyrir endurofnun kr. 2 000.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt kr. 2 000 gjald á skrifstofu Rafveitunnar.

IV. SÖLUSKATTUR

Söluskattur 22% og verðjöfnunargjald 19%, samtals 41% eru talin með í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í I. kafla gjaldskrár þessarar nema gjaldalið 4. sem er sala raforku til upphitunar.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1980, samanber auglýsingu ráðuneytisins nr. 87/1980 um hækkun smásöluverðs raforku. Taxtar í kafla 4 hitun öðlast þó eigi gildi fyrr en frá og með 16. mars 1980. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis með síðari breytingum.

Iðnaðarráðuneytið, 7. mars 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um takmörkun á skyldu til fyrirframgreiðslu opinberra gjalda á árinu 1980.

1. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fyrirfram árið 1980 skv. ákvæðum laga nr. 1/1980.

Umsókn um slíka lækkun skal send skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

2. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema að rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli árana 1978 og 1979 að tekjuskattstofn á tekjuárinu 1979 sé meira en 25% lægri en skattgjaldstekjur hans voru á tekju-

árinu 1978, eftir að þær síðarnefndu hafa verið hækkaðar um 45%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskyldu-ástandur gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Við ákvörðun um takmörkun á fyrirframgreiðsluskyldu hjóna sem samsköttuð voru á árinu 1979 skal taka mið af samanlögðum tekjuskattstofni þeirra tekjuárið 1979.

3. gr.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun fyrirframgreiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd reglugerðar þessarar.

4. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaðan einnig tilkynnt innheimtuaðila.

5. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar skulu eftir því sem við getur átt einnig gilda um lækun á fyrirframgreiðslu gjalda til sveitarsjóðs í þeim umdæmum þar sem innheimta er sameiginleg.

6. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkv. heimild í 5. gr. laga nr. 1/1980 öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 6. mars 1980.

Ragnar Arnalds.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um innheimtu til Búnaðarmálasjóðs.

1. gr.

Greiða skal árlega gjald af þeim söluvörum landbúnaðarins sem hér segir:

- a) Mjólk og smjóri sem bændur selja mjólkurbúum, verslunum eða beint til neytenda.
- b) Kindakjöti, svo og slátri og kindainnyflum hverskonar sem framleiðendur leggja inn í sláturhús sem viðurkennd eru, samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966, og aðra slátrunarstaði sem samþykktir eru af Framleiðsluráði.
- c) Hrossa- og nautgripakjöti og húðum sem framleiðendur leggja inn í sláturhús sem viðurkennd eru samkvæmt lögum nr. 30 28. apríl 1966, og aðra slátrunarstaði sem samþykktir eru af Framleiðsluráði.
- d) Grænmeti og gróðurhúsaframleiðslu hverskonar, sem seld eru verslunum sölu- miðstöðvum eða öðrum aðilum.
- e) Garðávöxtum, er framleiðandi hefur lagt inn í verslun eða látið til sölumiðstöðvar eða annarra aðila.
- f) Eggjum sem seld hafa verið verslunum, sölumiðstöðvum eða öðrum aðilum svo og af seldu fuglakjöti.
- g) Liffé, sem selt er vegna fjárskipta, svo og sölu lifandi hrossa og nautgripa sem verslanir, sölumiðstöðvar eða aðrir söluaðilar versla með.